

Ævintýravegurinn - tillaga að vinnuferli við áætlanagerð ferðamannavega

Matthildur Bára Stefánsdóttir (Vegagerðin)

Vegakerfið er ekki bara samgönguæð fyrir ferðamanninn heldur líka ferðaupplifun og bílrúðan er gluggi að miklum hluta náttúruupplifunar ferðamannsins. Meðal markmiða við undirbúning ferðamannavega ættu að vera umhverfisvernd og sjálfbærni. Meginmarkmið þessa verkefnis var að þróa aðferð til að velja ferðamannavegi með umhverfisvernd, sjálfbærni og gagnsæi að leiðarljósi.

Áætlanir og umhverfismat

Eigi opinberir ferðamannavegir að verða að veruleika er fyrsta skrefið að setja þá á samgönguáætlun. Vísir að því er í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015-2026 þar sem segir m.a.:

- Hugað verði sérstaklega að þörfum ferðapjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins með tilliti til dreifingar ferðamanna um landið allt árið.
- Skilgreindar verði ferðaleiðir sem tengja saman fjölsóttu ferðamannastaði og þarfnast sérstakrar þjónustu umfram þarfir íbúa.
- Mótuð verði stefna og skilgreint hvernig hönnun ferðamannavega á hálendi skuli háttáð í samráði við hagsmunaaðila, útivistar- og náttúruverndarsamtök.
- Upplýsingamiðlun verði aukin, m.a. með snjalltækjum.
- Stefna verði mótuð um veg- og fræðsluskilti og bættar merkingar.

Ferðamennska og ferðapjónusta eru meðal þeirra umhverfisþátta sem skal skoða við umhverfismat samgönguáætlunar. Með stofnun ferðamannavega yrði væntanlega sjaldnast um nýframkvæmd að ræða heldur lagfæringar á eldri vegum og samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum gætu slíkar framkvæmdir fallið undir endurbyggingu vega sem er í flokki C.

Nauðsynlegt er að fara skynsamlega í uppbyggingu innviða með sjálfbærni í huga. Engin ferðamannavegur getur boðið upp á allt fyrir alla, huga þarf að sérstöðu hvers svæðis og vinna að því að uppfylla óskir þeirra ferðamanna sem aðhyllast ferðamennsku og upplifun í sátt við viðkomandi svæði. Uppbygging þarf að vera skipulögð í samræmi við stefnu stjórnvalda í ferða-, umhverfis- og skipulagsmálum og auka lífsgæði ferðamanna og heimamanna.

Ferðamannavegir á Norðurlöndunum

Að lokinni heimildavinnu var sendur spurningalisti til systurstofnana Vegagerðarinnar á Norðurlöndunum. Löndin hafa farið ólíkar leiðir við undirbúning og framkvæmd ferðamannavega.

Í Noregi eru vinsælustu ferðamannavegirirnir í umsjá norsku vegagerðarinnar. Þeir eru 18 talsins og eru á samgönguáætlun. Þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af fé til samgönguáætlunar en einnig af sveitarfélögum og öðrum aðilum. Vegirnir voru skipulagðir miðlægt (top-down), aðallega með Bandaríkin og Nýja Sjáland sem fyrirmynd. Skipulag hófst fyrir um 20 árum og er vinna áætluð í 10 ár til viðbótar.

Í Svíþjóð eru jafnmargir ferðamannavegir í umsjá sænsku vegagerðarinnar. Þar í landi eru aðrir ferðamannavegir hins vegar vinsælli. Vegirnir sem eru í umsjá sænsku vegagerðarinnar voru skipulagðir staðbundið (bottom-up) með með hliðsjón af ferðamannavegum í Þýskalandi, Danmörku og Skotlandi. Skipulag hófst litlu síðar en í Noregi. Þeir eru fjármagnaðir af viðhaldsfé. Rannsókn sem var unnin fyrir sænsku vegagerðina árið 2014 gaf þá niðurstöðu að norska aðferðin hefði gefist betur. Svíar eru nú að endurmeta allt sitt vegakerfi m.a. ferðamannavegina.

Í Danmörku er ein löng ferðamannaleið Margueritrutan sem hlykkjast um landið. Fyrstu hugmyndir um sérstaka ferðamannaleið komu fram í lok áttunda áratugarins en hún var vígð 1991. Danska Vegagerðin sér um hefðbundin vegagerðarverkefni vegna leiðarinnar s.s. viðhald, merkingar og val á

leiðum en Náttúrustofnunin heldur utan um leiðina að öðru leyti m.a. samskipti við ferðaþjónustuaðila og heimasíðuna.

Í Finnlandi eru eingöngu einkareknir ferðamannavegir. Fyrirkomulagið er þannig að frumkvöðlar sem vilja stofna ferðamannaveg fá sveitarfélög og ferðamálastofnanir svæðisins til samstarfs. Merkingar á vegunum eru þá endurskoðaðar af finnsku vegagerðinni sem þarf auk þess að íhuga hagkvæmni fyrirhugaðs ferðamannavegar miðað við umferð, vegtengingar, þjónustuframboð fyrir ferðamenn sem og fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur rekstraraðilans. Hver rekstraraðili hefur sína heimasíðu en nokkrar þeirra er hægt að nálgast af síðu finnsku ferðamálastofunnar.

Ferðamannaleiðir á Norðurlöndunum og fleiri löndum eru merktar með brúnum skiltum. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um umferð á landi hefur mælt með því að lönd sem nota aðra liti en brúna og hvíta á ferðamanskilti skipti þeim smám saman út fyrir skilti með ljóst letur og tákn á brúnum grunni eða brúnt letur og tákn á ljósum grunni

Niðurstaða

Greinarhöfundur mælir með því að yfirvöld skipuleggi og framkvæmi ferðamannavegi á svipaðan hátt og Norðmenn hafa gert.

Æskilegt er að ein stofnun, t.d. Vegagerðin, sé ábyrg fyrir verkefninu og myndi samráðsvettvang. Sveitarfélög komi að borðinu með sínar hugmyndir að ferðamannavegum, að höfðu samráði ferðaþjónustuaðila svæðisins. Hin ábyrga stofnun og samráðsvettvangurinn velji síðan úr tillögnum á gagnsæjan hátt með hliðsjón af gátlistum sem lagðir eru til í verkefninu.

Miklu máli skiptir fyrir ferðamanninn að upplýsingar um ferðamannavegi séu notendavænar, aðgengilegar í snjalltækjum og samræmdar fyrir allar leiðir.

Ferðamannavegir eru ekki verkefni sem verður leyst vel af hendi á einni nóttu, en því fyrr sem vinna við áætlanir og skipulag hefst því fyrr verða ævintýravegir Íslands að veruleika. Næsta skref gæti verið að hefjast handa við tilraunaleið þar sem gátlistarnir verði þróaðir áfram í samvinnu við stjórnstöð ferðamála, sveitarfélög og fleiri aðila.